

**Sþ.**

## **47. Tillaga til þingsályktunar**

[47. mál]

um rannsókn virkjunarskilyrða í Fjarðará.

Flm.: Einar Sigurðsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta á næsta sumri fara fram rannsókn á virkjunarskilyrðum í Fjarðará, miðað við að hagnýta einnig vatnsmagn Kötluáanna og Miðhúsaárinnar, ef fært þætti, ásamt stækkun Heiðarvatnsins.

### **Greinargerð.**

Þingsályktunartillaga þessi var flutt á síðasta þingi, en varð ekki útrædd. Tillöggunni fylgdi þá svo hljóðandi greinargerð:

„Rafvæðingin er eitthvert mikilvægasta framfaramál þjóðarinnar. Í raforkuáætluninni var gert ráð fyrir að fullnægja raforkuþörf Austurlands með virkjun Grímsár, þar sem fengust 3500 hö. Eins og annars staðar fer raforkuþörfin vaxandi á Austurlandi, og þarf að fara að hugsa fyrir næstu virkjun þegar í stað. Draga ekki hvað sízt til sín raforku hin stóru iðjuver, sem rísa í kaupstöðunum, svo sem síldarbræðslur og frystihús, jafnframt vaxandi notkun almennings á rafmagni.

Af þessum ástæðum er þessi þingsályktunartillaga flutt um, að Alþingi skori á ríkisstjórnina að láta þegar á þessu sumri fara fram rannsókn á virkjunarskilyrðum í Fjarðará, miðað við að hagnýta einnig vatnsmagn Kötluáanna og Miðhúsaárinnar, ef fært þætti, ásamt stækkun Heiðarvatnsins. En því er bent hér á Fjarðará, að verkfræðingarnir Höskuldur Baldvinsson og Sigurður Thoroddsen bentu 1947 á hana sem ákjósanlegasta til að ráðast í virkjun á, enda þótt Grímsá yrði fyrir valinu. Telja þeir, að virkjun Fjarðará á tveim stöðum mundi gefa 6200 og 3200 hestöfl. Þá var aðeins reiknað með að hækka stífluna í Heiðarvatni um 9 metra, en hins vegar ekki að hagnýta fyrrgreindar ár á vatnasvæði Fjarðará til aukningar á vatnsmagninu. Gizka mætti á, að það mundi auka vatnsmagnið um 50%, ef framkvæmanlegt væri að veita þeim í Fjarðará. Fengist um 15000 hestafla orka við fullnaðarvirkjun Fjarðará, ef þetta fengi staðigt. Til samanburðar má geta þess, að Grímsárvirkjunin er 3500 hestöfl. Mikill kostur við virkjun Fjarðará er, að unnt er að taka hana í áföngum, eftir því sem raforkuþörfin vex.

Að beina Kötluánum í Heiðarvatnið, sem Fjarðará rennur m. a. úr, er ekki talið erfitt né kostnaðarsamt. Hins vegar er erfiðara að segja um hagnýtingu Miðhúsaárinnar í þessu skyni, en vel virðist það í skjótu bragði vera framkvæmanlegt, en nauðsynlegt er að fá úr því skorið til fulls og hvað það mundi kosta með tilliti til framtíðarvirkjana á Austurlandi.

Upptök Fjarðará eru um 10 km frá Seyðisfirði, og hefur hún um 500 m fallhæð á aðeins 8 km vegalengd. Hún var eitt fyrsta vatnsfall hér á landi, sem var virkjað í smáum stíl til að sjá Seyðfirðingum fyrir rafmagni. Fyrir liggja áratuga vatnsmælingar í ánni, og er þar því á traustum grunni að byggja hvað það snertir.

Út í hugleiðingar um virkjun annarra vatnsfalla á Austurlandi til að bæta enn frekar úr framtíðarþörf Austfirðinga fyrir rafmagn skal ekki farið hér. Fjarðará virðist hafa marga kosti til að bera til virkjunar, og má í því sambandi minna á álit hinna velmetnu verkfræðinga. En þegar taka þarf ákvörðun um næstu virkjun, er nauðsynlegt, að fyrir liggja rannsókn á virkjunarskilyrðum Fjarðará, miðað við að hagnýta einnig vatnsmagn nálægtra vatnsfalla og aðstöðu til stækkunar Heiðarvatns með vatnsmiðlun fyrir augum.“